

Veitur ohf.
Ársreikningur 2021

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 501213-1870

Efnisyfirlit


	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	10
Efnahagsreikningur	11
Eiginfjárfirlit	12
Sjóðstreymisyfirlit	13
Skýringar	14

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Veitur ohf. eru opinbert hlutfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR), en félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur – Eigna ohf. sem eru alfarið í eigu OR. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Lögbundið hlutverk OR er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Aðal starfsemi Veitna er dreifing rafmagns og framleiðsla og dreifing á heitu vatni.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir kjarnastarfsemi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Þar fyrir neðan er greint frá helstu viðskiptaferlum í virðiskeðjunni og loks eru tilteknir helstu hagsmunaaðilar að hverjum hlekk keðjunnar.



Virðiskeðja	AUÐLIND	NÝFRAMKVÆMDIR	VINNSLA OG MIÐLUN	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA	AUÐLIND
	–Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær –Vöktun og stýring nýtingar	–Hönnun og öflun leyfa –Kaup á efni, búnaði og þjónustu verktaka –Eftirlit og prófanir	–Móttaka nýsmíði í rekstur –Stýring og vöktun vinnslu –Eftirlit, viðhald og endurnýjun –Kaup á efni, búnaði og þjónustu	–Öflun og skráning viðskiptavina –Tenging heimila og fyrirtækja –Álestur og útgáfa reikninga –Viðbrögð við bilunum	–Vöktun viðtaka
Hagsmunaaðilar	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Almenningur Umsagnir um leyfi, kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Verktakar og vörubirgjar Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun Almenningur Umsagnir og kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu Almenningur Ábendingar, upplýsingar Viðskiptavinir Upplýsingar um þjónustubrest Verktakar og vörubirgjar Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun	Viðskiptavinir Greiðsla reikninga, álestur Opinberir aðilar Vöktun á afhendingaröryggi, notkunarmælingum og verði	Opinberir aðilar Vöktun umhverfisáhrifa Almenningur Ábendingar, upplýsingar
Starfsfólk, samtök og félag fólks og fyrirtækja og eftirlitsaðilar með starfsaðstæðum á vinnumarkaði eiga hagsmuni að allri virðiskeðjunni.					

Nánar er fjallað um virðiskeðju OR samstæðunnar í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi OR. Þar er einnig fjallað um ófjárhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnarhætti í samstæðunni. Enn ítarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2021. Hún er rafræn á slóðinni arsskyrsla2021.or.is og þar er einnig að finna skýrsluna á pdf-sniði.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Fjárhagslegar niðurstöður 2021

Hagnaður af rekstri Veitna ohf. á árinu 2021 nam 2.274 milljónum kr. (2020: 3.742 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 112.024 milljónum króna (31.12.2020: 100.980 milljónir kr.). Eigið fé nam 59.657 milljónum kr. í árslok (31.12.2020: 55.350 milljónir kr.) og var eiginfjárhlutfall félagsins 53,3% (31.12.2020: 54,8%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2021 er 218,6 (2020: 234,4 ársverk).

Stjórn Veitna leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórnhættir OR og dótturfélaga eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga gilda lög nr. 136/2013. Á árinu 2014 endurnýjuðu eigendur fyrirtækisins sameignarsamning um starfsemi. Þá var einnig endurskoðuð eigendastefna. Í þeim er kveðið á um stjórnarhætti. Við gerð þessara skjala, samþykktu fyrir dótturfélög OR og starfsreglur fyrir allar stjórnir, var tekið mið af þeim leiðbeiningum um stjórnarhætti, sem Viðskiptaráð vann í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq.

Siðareglur OR og dótturfélaga byggja á heiðarleika, sem er eitt af gildum Orkuveitu Reykjavíkur. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Þær eru ekki tæmandi og leysa þau sem þær ná til ekki undan þeirri ábyrgð að reiða sig á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál koma upp.

Í samræmi við stjórnarhætti í samstæðu OR eru fimm fulltrúar í stjórn Veitna. Þrír aðalmanna ásamt varamönnum skulu vera úr starfslíði OR og tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið félagið og stjórn skal skipta með sér verkum.

Í stjórn Veitna í árslok 2021 voru:

- Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri OR samstæðu, formaður.
- Ágúst Þorbjörnsson, rekstrarráðgjafi.
- Bjarni Freyr Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármála OR samstæðu.
- Guðni Axelsson, sérfræðingur í forðafraði jarðhitakerfa og forstöðumaður Jarðhitaskóla GRÓ.
- Sólrun Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar OR samstæðu.

Framkvæmdastjóri er Gestur Pétursson, iðnaðar- og rekstrarverkfræðingur.

Starfsreglur stjórnar Veitna eru aðgengilegar á vef félagsins og nánar er fjallað um stjórnarhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættuskýringu nr. 27-31 í Ársreikningi samstæðu OR 2021.

Endurskoðunarnefnd fylgist með stjórnarháttum, virkni áhættustýringar og innra eftirliti með því að yfirfara og samþykkja verkefnaáætlun innri endurskoðenda en það er stór hluti af verkefnum innri endurskoðunar að hafa eftirlit með og kanna virkni áhættustýringar og virkni innra eftirlits. Á fundi nefndarinnar þann 19. október 2020 samþykkti nefndin innri endurskoðunaráætlun fyrir tímabilið 1. desember 2020 til 1. september 2022. Nefndin fjallar í störfum sínum reglulega um verkefni innri endurskoðunar og tekur til umfjöllunar skýrslur um einstök verkefni hennar.

Nefndin fer yfir og samþykkir endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda en við gerð áætlunarinnar er lagt mat á áhættu- og óvissupætti í starfsemi félagsins. Hluti af verkefnum ytri endurskoðenda er að leggja mat á innra eftirlit sem tengist reikningsskilagerð félagsins. Nefndin fylgist með framgangi endurskoðunarinnar og fer yfir niðurstöður ytri endurskoðenda.

Þá fylgir nefndin sérstaklega eftir afdrifum ábendinga innri og ytri endurskoðenda.

Nefndin fundaði á árinu með sérfræðingum félagsins í áhættustjórnun og fékk kynningu á áhættustjórnunarkerfi OR samstæðunnar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Árangur og óvissuþættir 2021

Loftslagsáhætta snertir alla þætti starfsemi OR en einkum veiturekstur. Á árinu var unnið að því að fella þá þekkingu sem aflað hefur verið með skýrslugerð Veitna inn í aðra áhættustýringu samstæðunnar. Hún snýr einkum að aðlögun að sjávarborðshækkun, meiri úrkomuákefð og leysingum og óvissum langtímabreytingum á lofthita hér á landi með samsvarandi breytingu á eftirspurn eftir vatni til húshitunar. Unnið er í senn að mótvægisáðgerðum og aðgerðum til aðlögunar. Ein þeirra er að viðskiptavinir verði meðvitaðri um notkun sína á orku og stýring bæti nýtingu. Snjallmælavæðing Veitna styður mjög við hvoru tveggja og skrifað var undir veigamestu samninga þessa verkefnis á árinu.

Hvaða loftslagsvá kann að steðja að grunnvatni eða vatnsbólum er óljóst en rauntímaeftirlit Veitna með neysluvatni gerir fyrirtækið betur í stakk búið að fylgjast með hugsanlegum breytingum og verja samfélagið fyrir þeim. Á árinu 2021 komu upp gróðureldar í grennd vatnsbóla Veitna í Heiðmörk. Ekki kom til mengunar neysluvatns, en þarna kann að vera á ferð áhætta sem geri frekar vart við sig með breyttu loftslagi.

Á árinu 2021 gaf OR út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Þær byggjast á 10 stoðum Global Compact samstarfsins á vegum Sameinuðu þjóðanna og tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðiskeðju samstæðunnar. Með því að samþykkja siðareglurnar með undirskrift gengst birginn undir kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, reglum vinnumarkaða, umhverfinu og að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum OR um árabíl, en með þessu eru gerðar samsvarandi kröfur í minni innkaupum en þeim sem fara í formleg útboð.

Enn er óljóst umfang tjóns sem varð í Háskóla Íslands þegar vatnsæð sprakk í grennd við skólann snemma árs. Matsmenn eru að meta umfang tjóns en tryggingafélag Veitna annast meðferð málsins. Þá er til meðferðar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kæra vegna vatnsgjalds OR vatns- og fráveitu sf. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hóf frumkvæðisathugun á vatnsgjaldi hjá vatnsveitum sveitarfélaga í kjölfar kærunnar, en niðurstaða kærumálsins liggur ekki fyrir.

Kórónuveirufaraldurinn hafði margvísleg áhrif á starfsemi OR samstæðunnar á árunum 2020 og 2021, meðal annars á vinnustaðinn sjálfan. Vísbendingar eru um að tryggð starfsfólks við vinnustaði hafi minnkað í faraldrinum. Langvarandi fjarvinna og hugsanlega fleiri þættir virðast hafa aukið starfsmannaveltu. Til að bregðast við hættu af slíkum spekileka hefur fyrirtækið hrundið af stað úttekt á ástæðum aukinnar starfsmannaveltu, sem alla jafna hefur verið tiltölulega lítil hjá Veitum í samanburði við íslenskan vinnumarkað.

Félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð. Vegna eðlis starfseminnar – að veita heimilum og fyrirtækjum grunnþjónustu – eru áhrif samdráttar í efnahagslífinu á tekjur félagsins takmörkuð.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Veitna er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Veitna gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins, sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Veitna staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

Reykjavík, 25. febrúar 2022

Í stjórn félagsins:

Guðrún Erla Jónsdóttir

Bjarni Freyr Bjarnason

Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson

Sólrun Kristjánsdóttir

Guðni Axelsson

Framkvæmdastjóri:

Gestur Péturson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Veitna ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Veitna ohf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2021. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Mat veitukerfis

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu skýringu 19 (b) bls. 22 til 23 og skýringu 9 á bls. 16 til 17:

Við höfum skilgreint mat veitukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2021. Veitukerfi eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Veitur framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra.

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið og virðisrýrnunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglægar. Þar sem eignfærð veitukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins.

Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýrnun veitukerfa.

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á veitukerfa og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýrnunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmats sérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Megináherslur við endurskoðunina, frh.:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Innlausn tekna

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 19 (a) á bls. 22:

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru innleystar miðað við mælingar inná kerfin að teknu tilliti til orkutapa sem eiga sér stað í dreifukerfum. Mismunur á því magni sem kemur inná kerfin að frádrögnum tölum og reikningsfærði notkun myndar tímabilsleiðréttingu sem er færð á reikningsskiladegi.

Sökum þess að tekjuskráning í lok ársins er byggð á áætlun stjórnenda er ákveðin óvissa bundin í tekjuskráningu er snýr að lotun tekna og tilvist. Af þeim sökum beinum við sjónum okkar sérstaklega að lotun tekna í endurskoðuninni, auk annarra endurskoðunaraðgerða er snúa að tekjuinnlausn.

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna

Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi þar sem við höfum meðal annars farið yfir hvernig aðgangsstýringum er áttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. yfirfarið afstemmingar á undir og yfirkerfi, beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á mótteknu magni raforku og heitu vatni, veltu og stöðu í viðskiptamannabókhalda í árslok. Við höfum einnig skoðað innborganir eftir áramótin þar sem ekki fékkst staðfest staða frá viðskiptavinum.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir þar sem við höfum borið saman við væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu hjá samstæðunni.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirliti sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Veitum ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Áritun óháðra endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.:

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd samstæðunnar um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 14. apríl 2021 en þetta er fjórða samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 25. febrúar 2022

Davíð Arnar Einarsson

Davíð Arnar Einarsson, löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur	4	26.461.934	26.345.301
Orkukaup og flutningur	5	(7.371.497)	(6.363.638)
Laun og launatengd gjöld	6	(2.542.746)	(2.791.984)
Annar rekstrarkostnaður	7	(7.218.033)	(6.914.238)
Rekstrarkostnaður samtals		(17.132.276)	(16.069.860)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		9.329.658	10.275.441
Afskriftir	9	(3.727.196)	(3.523.615)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		5.602.463	6.751.826
Vaxtatekjur		35.668	63.642
Vaxtagjöld og verðbætur		(2.795.910)	(2.137.488)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		(2.760.241)	(2.073.846)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		2.842.222	4.677.980
Tekjuskattur	8	(568.486)	(935.595)
Hagnaður ársins		<u>2.273.736</u>	<u>3.742.385</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	107.828.879	96.963.406
Eignarhluti í OR vatns- og fráveitu sf.	10	2	2
Fastafjármunir samtals		<u>107.828.881</u>	<u>96.963.408</u>
Viðskiptakröfur	11	2.599.181	2.762.568
Skammtímakröfur á tengda aðila	17	993.553	993.305
Aðrar skammtímakröfur	11	390.025	82.306
Handbært fé	12	212.850	178.169
Veltufjármunir samtals		<u>4.195.608</u>	<u>4.016.348</u>
Eignir samtals		<u><u>112.024.490</u></u>	<u><u>100.979.756</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		4.000	4.000
Endurmatsreikningur		33.689.417	29.891.671
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé		25.962.394	25.453.292
Eigið fé samtals		<u>59.656.811</u>	<u>55.349.963</u>
Skuldir			
Langtímalán frá móðurfyrirtæki	13	36.367.558	32.048.843
Lífeyrisskuldbinding	14	630.879	659.027
Tekjuskattsskuldbinding	15	9.714.646	8.434.510
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>46.713.084</u>	<u>41.142.380</u>
Viðskiptaskuldir	16	1.333.667	1.195.778
Næsta árs afborgun langtímalána við móðurfyrirtæki	13	1.054.626	857.248
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	571.627	943.041
Skammtímaskuldir við tengd félög	17	2.034.746	759.524
Aðrar skammtímaskuldir	16	659.929	731.823
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.654.594</u>	<u>4.487.413</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>52.367.678</u>	<u>45.629.793</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>112.024.490</u></u>	<u><u>100.979.756</u></u>

Eiginfjáryfirlit 2021

Árið 2021	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2021	4.000	29.891.671	1.000	25.453.292	55.349.963
Endurmat, hækkun		6.416.391			6.416.391
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.283.278)			(1.283.278)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.669.208)		1.669.208	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		333.842		(333.842)	0
Greiddur arður				(3.100.000)	(3.100.000)
Hagnaður ársins				2.273.736	2.273.736
Eigið fé 31. desember 2021	4.000	33.689.417	1.000	25.962.394	59.656.811
Árið 2020					
Eigið fé 1. janúar 2020	4.000	31.188.429	1.000	23.414.150	54.607.579
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.620.947)		1.620.947	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		324.189		(324.189)	0
Greiddur arður				(3.000.000)	(3.000.000)
Hagnaður ársins				3.742.385	3.742.385
Eigið fé 31. desember 2020	4.000	29.891.671	1.000	25.453.292	55.349.963

Sjóðstreymisýfirlit 2021

	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	2.273.736	3.742.385
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.760.241	2.073.846
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(26.148)	(61.057)
Tekjuskattur	8 568.486	935.595
Afskriftir	9 3.727.196	3.523.615
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>9.303.510</u>	<u>10.214.384</u>
Skammtímakröfur, hækkun	(147.206)	(848.020)
Skammtímaskuldir, hækkun	128.305	239.450
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>9.284.610</u>	<u>9.605.813</u>
Innborgaðar vaxtatekjur og arður	38.542	52.309
Greidd vaxtagjöld	(1.138.621)	(1.029.999)
Greiddir skattar	(943.041)	(751.590)
Handbært fé frá rekstri	<u>7.241.490</u>	<u>7.876.534</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(8.240.092)	(6.374.767)
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting	1.274.974	2.353.546
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(6.965.117)</u>	<u>(4.021.222)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(3.100.000)	(3.000.000)
Fengið nýtt langtímalán frá móðurfyrirtæki	3.733.092	0
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki	(874.784)	(814.189)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(241.691)</u>	<u>(3.814.189)</u>
Hækkun á handbæru fé	34.681	41.123
Handbært fé í ársbyrjun	178.169	137.046
Handbært fé í árslok	12 <u>212.850</u>	<u>178.169</u>
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	63.814	(327.870)
Skammtímaskuldir, breyting	(63.814)	327.870
Aðrar upplýsingar:		
Veltufé frá rekstri	7.629.427	8.318.474
Veltufé frá rekstri greinist þannig:		
Hagnaður ársins	2.273.736	3.742.385
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:		
Afskriftir	3.727.196	3.523.615
Verðbætur	1.657.785	1.120.977
Tekjuskattsskuldbinding	(3.141)	(7.446)
Lífeyrisskuldbinding	(26.148)	(61.057)
Veltufé frá rekstri	<u>7.629.427</u>	<u>8.318.474</u>

Skýringar

1. Félagið

Veitna ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið sér um dreifingu rafmagns og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi. Það er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. sem er félag að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningur Veitna ohf. er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 19.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýrinu 9 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Starfspáttayfirlit

Árið 2021	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	6.965.331	14.510.385	4.986.218		26.461.934
Tekjur milli starfspátta	571.907	2.072	0	(573.979)	0
	7.537.238	14.512.457	4.986.218	(573.979)	26.461.934
Orkukaup og flutningur	2.412.856	4.958.641	0	0	7.371.497
Annar rekstrarkostnaður	2.268.870	3.240.141	4.825.746	(573.978)	9.760.779
	4.681.726	8.198.782	4.825.746	(573.978)	17.132.276
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.855.512	6.313.675	160.472	(1)	9.329.658
Fjárfesting	3.491.286	4.027.387	657.604	0	8.176.277

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit frh.

Árið 2020	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	6.594.718	14.479.973	5.270.610		26.345.301
Tekjur milli starfsþátta	551.282	2.003	0	(553.285)	0
	7.146.000	14.481.976	5.270.610	(553.285)	26.345.301
Orkukaup og flutningur	2.187.861	4.175.777	0	0	6.363.638
Annar rekstrarkostnaður	2.020.290	3.008.270	5.230.946	(553.285)	9.706.222
	4.208.151	7.184.047	5.230.946	(553.285)	16.069.860
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.937.848	7.297.929	39.664	0	10.275.441
Fjárfesting	2.474.865	4.173.808	53.963	0	6.702.637

4. Rekstrartekjur

	2021	2020
Tekjur af sölu á rafmagn	6.707.961	6.298.448
Tekjur af sölu á heitu vatni	14.134.852	14.165.196
Sala á þjónustu efni og vinnu til tengdra aðila	4.743.995	5.033.141
Tekjur vegna tenginga	565.077	528.165
Aðrar tekjur	310.049	320.351
	26.461.934	26.345.301

5. Orkukaup og flutningur

Orkukaup	4.960.026	4.438.234
Flutningur rafmagns	2.411.471	1.925.404
	7.371.497	6.363.638

6. Laun og launatengd gjöld

Laun	2.569.951	2.758.604
Mótframlag í lífeyrissjóði	353.412	356.551
Önnur launatengd gjöld	225.043	235.742
Breyting lífeyrisskuldbindingar	9.167	(27.574)
	3.157.572	3.323.323

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í reikningsskilin:

Gjaldfært í rekstrarreikningi	2.542.746	2.791.984
Eignfært á framkvæmdir	614.826	531.339
	3.157.572	3.323.323

Starfsmannafjöldi:

Fjöldi ársverka	218,6	234,4
-----------------------	-------	-------

Laun stjórnenda:

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 33,5 milljónum kr. (2020: 31,2 millj. kr.).

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður	2021	2020
Rekstur veitukerfa og þjónusta við systurfélög	4.167.981	3.982.588
Þjónustusamningar	2.323.460	2.100.281
Rekstur fasteigna	211.239	195.685
Skrifstofukostnaður	246.007	302.858
Aksturskostnaður	185.190	240.487
Starfsmannakostnaður	84.156	92.340
	<u>7.218.033</u>	<u>6.914.238</u>

Póknun greidd til endurskoðanda	2021	2020
Póknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	4.539.988	2.002
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda	0	624
Samtals póknun greidd itil endurskoðanda	<u>4.539.988</u>	<u>2.626</u>

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2021	2020
Tekjuskattur til greiðslu	571.627	943.041
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(3.141)	(7.446)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	<u>568.486</u>	<u>935.595</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2021	2020
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	2.842.222	4.677.980
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Óskattskyldar tekjur	(0,00%) (6)	0,00%
Aðrir liðir	(0,00%) 48	0,00% (1)
Virkur tekjuskattur	<u>20,0%</u>	<u>20,0%</u>
	<u>568.486</u>	<u>935.595</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2021	Framleiðslu-kerfi	Dreifi-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	75.413.167	150.675.830	555.276	249.308	226.893.581
Viðbætur á árinu	1.999.425	5.523.982	567.064	85.807	8.176.277
Endurmat	5.372.259	10.694.387	0	0	16.066.646
Staða í árslok	<u>82.784.851</u>	<u>166.894.199</u>	<u>1.122.340</u>	<u>335.115</u>	<u>251.136.505</u>
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	43.841.862	85.817.816	163.700	106.796	129.930.175
Afskrifað á árinu	1.203.591	2.455.316	29.521	38.768	3.727.196
Endurmat	3.265.525	6.384.730	0	0	9.650.255
Staða í árslok	<u>48.310.978</u>	<u>94.657.862</u>	<u>193.222</u>	<u>145.564</u>	<u>143.307.626</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2021	31.571.304	64.858.014	391.576	142.513	96.963.406
Bókfært verð 31.12.2021	<u>34.473.873</u>	<u>72.236.337</u>	<u>929.118</u>	<u>189.552</u>	<u>107.828.879</u>
Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:					
Endurmetnið bókfært verð	34.473.873	72.236.337	929.118	189.552	107.828.879
Þar af áhrif endurmats	14.493.546	27.618.225	0	0	42.111.772
Bókfært verð án endurmats	<u>19.980.327</u>	<u>44.618.111</u>	<u>929.118</u>	<u>189.552</u>	<u>65.717.107</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

31.12.2020

Heildarverð

Staða í ársbyrjun	73.163.315	146.494.751	310.556	222.321	220.190.944
Viðbætur á árinu	2.249.851	4.181.079	244.720	26.987	6.702.637
Staða í árslok	75.413.167	150.675.830	555.276	249.308	226.893.581

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	42.706.068	83.472.820	158.159	69.513	126.406.560
Afskrifað á árinu	1.135.794	2.344.997	5.542	37.283	3.523.615
Staða í árslok	43.841.862	85.817.816	163.700	106.796	129.930.175

Bókfært verð

Bókfært verð 1.1.2020	30.457.247	63.021.932	152.397	152.808	93.784.385
Bókfært verð 31.12.2020	31.571.304	64.858.014	391.576	142.513	96.963.406

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:

Endurmetnið bókfært verð	31.571.304	64.858.014	391.576	142.513	96.963.406
Þar af áhrif endurmats	12.963.289	24.401.300	0	0	37.364.589
Bókfært verð án endurmats	18.608.015	40.456.714	391.576	142.513	59.598.817

Endurmat

Í lok september 2021 var síðast endurmat á öllu veitukerfinu.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi félagsins. Veitukerfi fyrir heitt vatn og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Fasteignamat og vátryggingaverð

Í árslok 2021 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 9.235 milljónir kr. (2020: 8.676 milljónir kr.) og brunabótamat þeirra nam 11.893 milljónum kr. (2020: 10.337 milljónir kr.). Vátryggingarverðmæti eigna félagsins nam 156.711 milljónum kr. í árslok 2021 (2020: 135.413 milljónir kr.).

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í lok september 2021. Stuðst var við rauntölur fyrir janúar til september og útkomuspá fyrir október til desember til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarprófin voru gerð á tvær sjóðskapandi einingar; hitaveitukerfi og rafmagnsveitukerfi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun í árslok 2021.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 3,60% til 3,66% (2020: 4,35% til 4,37%)
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0,5% til 0,73%, (2020: 0,5% til 0,65%)

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 19 b.

10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Veitur ohf. eiga 0,1% hlut í OR vatns- og fráveitu sf. á móti 99,9% eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur. OR vatns- og fráveita sf. sér um vatnsöflun og dreifingu á köldu vatni auk reksturs fráveitu. OR vatns- og fráveita sf. er staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.682.181	2.857.568
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(83.000)	(95.000)
	<u>2.599.181</u>	<u>2.762.568</u>
Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	0	460.307
Aðrar kröfur á tengda aðila í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur	993.553	532.999
	<u>993.553</u>	<u>993.305</u>
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	154.978	82.010
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	12.459	15.332
Inneign virðisaukaskatts	376.442	65.510
Aðrar kröfur	1.124	1.464
	<u>390.025</u>	<u>82.306</u>

12. Handbært fé

Handbært fé í lok ársins samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Engin staða var við móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok ársins 2021 (31.12.2020: krafa 460 milljónir kr., færð á meðal krafna á tengd félög í efnahagsreikningi).

13. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	37.422.184	32.906.091
Næsta árs afborgun langtímalána	(1.054.626)	(857.248)
	<u>36.367.558</u>	<u>32.048.843</u>
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir árið 2021.....	-	857.248
Afborganir árið 2022.....	1.054.626	884.454
Afborganir árið 2023.....	1.084.056	912.524
Afborganir árið 2024.....	1.114.420	941.485
Afborganir árið 2025.....	1.145.747	971.365
Afborganir árið 2026.....	1.178.069	-
Afborganir síðar.....	31.845.267	28.339.013
	<u>37.422.184</u>	<u>32.906.091</u>

14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í réttindatengdum lífeyriskerfum. Skuldbinding þessi er vegna fyrirtækja sem sameinuðust Orkuveitu Reykjavíkur á sínum tíma. Eftir uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur hvílir skuldbindingin nú á Veitum ohf.

Í árslok var áfallin lífeyrisskuldbinding félagsins metin um 666 milljónir kr., núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins (2020: 692 milljónir kr.). Félagið uppfærir lífeyrisskuldbindinguna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings þegar það liggur fyrir ár hvert. Forsendur um lífslíkur eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu byggir á almennri hækkun launa að teknu tilliti til vaxta. Lækkun skuldbindingarinnar á árinu er færð til tekna í rekstrarreikningi á meðal launa og launatengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2022 er færður meðal skammtímaskulda.

Skýringar

14. Lífeyrisskuldbinding, frh.

	31.12.2021	31.12.2020
Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:		
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	692.027	753.084
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu.....	(35.315)	(33.483)
Lækkun á lífeyrisskuldbindingu á árinu.....	9.167	(27.574)
Lífeyrisskuldbinding í árslok.....	<u>665.879</u>	<u>692.027</u>
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar.....	630.879	659.027
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar.....	35.000	33.000
	<u>665.879</u>	<u>692.027</u>

15. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2021	31.12.2020
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	8.434.510	8.441.956
Áhrif af endurmati fastafjármuna	1.283.278	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	568.486	935.595
Tekjuskattur til greiðslu	(571.627)	(943.041)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>9.714.647</u>	<u>8.434.510</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	9.836.635	8.561.448
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	10.222	9.576
Lífeyrisskuldbinding	(133.176)	(138.405)
Frestaður gengismunur	965	1.891
	<u>9.714.646</u>	<u>8.434.510</u>

16. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Almennar viðskiptaskuldir	<u>1.333.667</u>	<u>1.195.778</u>
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	574.977	636.834
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	35.000	33.000
Ógreiddir virðisauka- og orkuskattar	49.952	37.444
Aðrar skammtímaskuldir	0	24.545
	<u>659.929</u>	<u>731.823</u>

Skýringar

17. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2021	2020
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	860.958	951.333
Sala til félaga og stofnana undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	261.584	261.912
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	4.943.801	5.268.188
	<u>6.066.343</u>	<u>6.481.433</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af Reykjavíkurborgar.....	24.022	20.547
Kaup af félögum og stofnunum í eigu Reykjavíkurborgar.....	90.410	44.246
Orkukaup af tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	4.960.026	4.424.351
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	5.795.478	4.959.759
	<u>10.869.936</u>	<u>9.448.903</u>
Vaxtatekjur vegna ávöxtunar lausafjár hjá móðurfyrirtæki.....	20.056	40.564
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(2.795.679)	(2.150.566)
	<u>(2.775.623)</u>	<u>(2.110.002)</u>
Kröfur á tengd félög	31.12.2021	31.12.2020
Krafa á Reykjavíkurborg.....	126.218	57.274
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar	28.760	24.736
	<u>154.978</u>	<u>82.010</u>
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	0	460.307
Krafa á systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - vatns- og fráveitu sf.....	794.467	528.575
Krafa á systurfélag, Ljósleiðarann ehf.....	5.893	4.424
Krafa á systurfélag, ON Power ohf.....	192.590	0
Krafa á systurfélag, CarbFix ohf.....	603	0
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>993.553</u>	<u>993.305</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við Reykjavíkurborg.....	19.128	18.076
Skuld við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar	1.034	7.689
	<u>20.162</u>	<u>25.765</u>
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	726.882	552.680
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.	1.304.551	206.726
Skuld við systurfélag, ON Power ohf.	0	118
Skuld við eignarhaldsfélag, Orkuveita Reykjavíkur-Eignir ohf.....	3.313	0
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>2.034.746</u>	<u>759.524</u>

Skýringar

17. Viðskipti við tengda aðila, frh.

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 13 og upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 6.

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi. Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

18. Önnur mál

Frá árinu 2020 hefur COVID-19 faraldurinn haft áhrif á efnahagslíf Íslands og alls heimsins. Faraldurinn hefur haft óveruleg áhrif á rekstur félagsins. Sjósstaða þess er sterk um þessar mundir og félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð.

Félagið hefur ekki þegið neina opinbera styrki eða nýtt önnur úrræði stjórnvalda vegna COVID-19. Þá hefur ekki verið endursamið um neina lánaskilmála vegna faraldursins. Áhrif hans á fjármálagerninga félagsins, virðisryrnun eigna og gangvirðismat eigna og skulda ógna ekki rekstri eða efnahag félagsins um fyrirsjáanlega framtíð.

Skýringar

19. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Tekjur

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðsluferfi	15 - 50 ár
Dreifikerfi	10 - 90 ár
Aðrar fasteignir	25 - 50 ár
Aðrir lausafjármunir	4 - 25 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Skýringar

19. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 9 um varanlega rekstrarfjármuni.

c. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2021.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.